Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs,

Kópavogi, 27. október 2026
26092710/502.00 GEF

Efni: Hæðarhvarf 12. Beiðni um heimild til framsals.

Á fundi bæjarstjórnar 12. maí 2026 var samþykkt að úthluta lóðinni Hæðarhvarfi 12 til Jakub Sebastian Waryzcha og tilkynning þar um send til aðila þann 28. s.m. Hæðarhvarf 12 er einbýlishúsalóð (E1) samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Lóðarhafar óskar eftir heimild til að framselja eignarhaldi lóðarinnar að Hæðarhvarfi 12 til Þingverks ehf. kt. 531021-0100, félags í 100% eigu lóðarhafa.

Í erindi lóðarhafa segir að beiðnin sé byggð á því að viðskiptabanki hans er reiðubúinn að veita fyrirtæki hans hagstæðari lánakjör en honum sem einstaklingi.

Lóðarhafi hefur lagt fram gögn til þess að meta hæfi félagsins. Skrifstofa áhættu- og fjárstýringar hefur yfirfarið gögnin og gerir ekki athugasemdir. Þingverk ehf. uppfyllir hæfisskilyrði úthlutunarskilmála.

Með hliðsjón af framangreindu sér undirrituð ekki meinbugi á því að heimila framsal á lóðinni Hæðarhvarfi 12 til Þingverks ehf. kt.531021-0100, sem er í 100% eigu núverandi lóðarhafa.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

Rafræn skilríki

Undirritað af: Guðrún Edda Finnbogadóttir

Tími: 27.10.2026 9:44
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign